

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 440/2013, sbr. 3. gr. hennar.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a) Skráning | kr. 15.590 |
| b) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 3. gr.
samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg. | kr. 26.910 |
| c) Bráðabirgðaskráning | kr. 3.625 |

2. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 25.355

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 1. og 2. gr.

3. gr.

Eigendur katta í Sveitarfélaginu Árborg skulu greiða skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 587/2009.

Við umsókn um skráningu kattar er innheimt gjald að upphæð kr. 3.160.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

- | | |
|--|------------|
| Fyrsta afhending | kr. 21.415 |
| Önnur afhending, innan tveggja mánaða | kr. 30.225 |
| Þriðja afhending, innan tveggja mánaða | kr. 39.225 |

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi dýrs. Óskráð dýr má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

Ef eigandi gefur sig ekki fram innan sjö sólarhringa og greiðir handsömunargjaldið og annan áfallinn kostnað er heimilt að aflífa dýrið, sbr. 8. gr. samþykktar um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 587/2009 og 17. gr. samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 440/2013.

5. gr.

Gjalddagar skv. ofanskráðu eru tveir ár hvert, 1. mars og 1. september og eindagar eru 31. mars og 30. september. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Eigendur blindra- leitar og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 1. og 2. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af heilbrigðis- eftirliti þar sem námskeiðið er haldið er heimilt að veita 20% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund samkvæmt 2. gr. gjaldskrár þessarar.

7. gr.

Verðskrá fyrir dvalar- og geymslukostnað:

a) Verð pr. sólarhring fyrir dýr kr. 3.470

Auk þess skal greiða áfallinn kostnað vegna dýrafæðis.

Dýr má ekki afhenda fyrr en að lokinni greiðslu dvalar-, geymslu og fæðiskostnaðar.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber annars vegar samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 440/2013 og hins vegar samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 587/2009, til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1424/2023.

Selfossi, 4. desember 2024.

Bragi Bjarnason bæjarstjóri.